

1874.

19. maí.

silfurverðið, sem í þeim er, og gegn því að fá endurgoldin smíðalaun fyrir nýjan kaleik og patínu handa Skálholtskirkju, en það verður alls 103 rd.; hafið þér nú jafnframt og þér getið þess, að kaleikurinn þurfi aðgjörðar við, er muni kosta 8 rd., stungið uppá, að fyrnefndir munir verði keyptir handa dómkirkjunni fyrir fê, af tekjum kirkjunnar á yfirstandanda ári.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

20. maí.

34. Opið bréf um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara. (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Að Vèr samkvæmt hinni 4. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, 5. janúar þ. á., höfum ákveðið, að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara á hausti komanda.

Fyrir því bjóðum Vèr hærmeð og skipum allramildilegast fyrir, að á nefndum tíma skuli haldnar almennar kosningar til alþingis samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 1. ákvörðun um stundarsakir í tæðri stjórnarskrá.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

20. maí.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um: brúargjörð yfir Ölfusa og Þjórsa.

Eptir að verksmiður *Windfeldt-Hansen*, sem eptir tilhlutun stjórnarráðsins var sendur í fyrra¹⁾ til Íslands, til þess að rann-

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 620.

saka, hvort hægt væri að gjöra höfn við *Portland* (Dyrhólma) og leggja brýr yfir Þjórsá og Ölfusá, hefir sent stjórnarráðinu skýrslu um rannsóknir þær, sem hann hafði gjört í þessu skyni, sendum vör nú yður, herra landshöfðingi, tæða skýrslu ásamt með tilheyranda uppdrætti og áætlun um kostnaðinn við brúargjörð þessa.

Eins og sjá má af skýrslunni getur það ekki komið til tals, eptir því hvernig til hagar þar á staðnum, að gjöra höfn við *Portland*. Aptur á móti er ekki neitt því til fyrirstöðu, að því leyti er landslag snertir, að leggja þessar brýr, sem nefndar voru, ef unnt væri að fá til það fè, sem til þess þyrfti. Það verður samt sem áður að vera komið undir þeim mönnum sjálfum, sem búa í þeim sveitum, er í hlut eiga, að yfirvega þetta nákvæmar eptir þeim bendingum, sem skýrslan hefir inni að halda, og svo, ef til þess kemur, að gjöra þær uppástangur, sem með þarf, — en þeir höfðu mælt til, að fá áætlun um kostnaðinn við brúargjörðina, fyr en nokkuð yrði endilega afráðið um hana; því skal samt við bætt, að svo framarlega sem það reynist, að menn þar í sveitunum yfirhöfuð hafi nokkurn huga á, að koma þessu máli fram og leggja það í sölurnar, sem með þarf, þá muni stjórnin fús til að styðja fyrirtækið eptir megni. Um það, sem frekara verður gjört við málið, væntum vör skýrslu yðar, þegar að því kemur.

1874.

20. maí.

36. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald handa prófasti, samkvæmt tilsk. 24. júlí 1789.

22. maí.

Með bræfi, dagsettu 21. dag nóvbrm. f. á., sem stílað var til dómsmálastjórnarinnar, er aptur sendi það hingað, hafið þér, herra landshöfðingi, sent stjórninni bænarskrá með áliiti biskupsins yfir Íslandi, þar sem prófasturinn í Barðastrandarsýslu, Ólafur E. Johnsen, sækir um, að sèr verði veitt af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda á yfirstandandi reikningsári, sanngjarnt